

TILLÖGUR UM LAXARANNSÓKNIR Í VESTURDALSÁ VOPNAFIRÐI ÁSAMT
KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 1984.

I. INNGANGUR.

Laxveiðiár á Norð-austurlandi hafa síðastliðin ár hrapað mjög í veiði. Um orsakir þessarar niðursveiflu er lítið vitað. Ýmsar hugmyndir eru uppi um hvað veldur. Margir telja Færeyinga taka drjúgan toll úr þessum ám, þótt engar sannanir séu fyrir því, en bent er á að úthafsveiðar Færeyinga hafi stóraukist síðastliðin ár. Aðrir telja að hér sé um náttúrulegar sveiflur ræða, sem séu til komnar vegna óhagstæðra ytri skilyrða t.d. kólnandi veðurfars, sem leitt hafi til lækkunar hitastigs bæði í ánum og sjónum. Samfara þessu hafi átuskilyrði einnig versnað og þetta samanlagt valdi minni laxaframleiðslu. Enn aðrir rekja orsakir niðursveiflunnar til þéttleikasveiflna í ánum þ.e. að stórir hrygningarstofnar hafi bein neikvæð áhrif í gönguseiða- framleiðslu ána.

Rök sem menn fara fyrir síðast nefndu tilgátunni eru að þegar mikil hrygning á sér stað verði samkeppni um fæðu og pláss mikil og yngri seiði éti hvort annað og hin eldri ~~ú~~ á gaddinn. Við þetta ástand drepist mikill hluti seiða og orka tapast út úr kerfinu, einnig hægi á vexti þannig að nettoframleiðslan, þ.e. fjöldi gönguseiða minnki. Í þessu sambandi hafa menn talið sig sjá beint samband í veiðitölum með jöfnu árabili.

Af framansögðu er ljóst að mjög brýnt er að rannsaka ár, þar sem miklar sveiflur eiga sér stað og freista þess að finna skýringar á sveiflunum. Vesturdalsá í Vopnafirði er mjög hentug til þessara rannsókna. Vatnsrennsli árinna er viðráðanlegt, að jafnaði í kring um $2\text{ m}^3\cdot\text{sek}^{-1}$ yfir sumarmánuðina og fer niður í $0,9\text{ m}^3\cdot\text{sek}^{-1}$ í ágúst (Sigurjón Rist, pers. uppl.). Vorflóðin eru í maí og standa venjulega stutt og fátítt er að rennslið fari yfir $20\text{ m}^3\cdot\text{sek}^{-1}$.

Með því að setja gildru í ána, sem veiðir bæði öll göngu- seiði á leið til sjávar og hrygningarfisk á leið upp ána, má fá ómetanlegar upplýsingar og býður jafnframt upp á mikla rann- sóknarmöguleika.

Forsendur þessara rannsókna mætti draga saman í eftirfarandi liði:

1. Miklar sveiflur í veiði á síðustu árum (15 föld sveifla í

Vesturdalsá). Upplýsingar fást um sveiflur í gönguseiðaframleiðslu og afföll þeirra í sjó.

2. Laxveiðar Færeyinga í sjó. Fylgst yrði með merkjum í afla Færeyinga.
3. Gönguseiðamerkingar hafa farið fram með það í huga að m.a. komast að því að hve miklu leyti Færeyingar veiði íslenskan lax úr ám á norð-austur horninu.
Rannsókn á náttúrulegum seiðum myndi gefa þennan samanburð á endurheimtum úr sjó miðað við eldisseiðin. Merking villtra seiða ætti að gefa öruggari upplýsingar vegna þess að vitað er að afföll þeirra eru minni í sjó og ratvísi mun meiri.
4. Grundvallarupplýsingar munu fást um göngutíma, göngustærð ofl. upplýsingar um lax í þessum landshluta sem tiltölulega lítið er þekktur að því er þessa þætti varðar.
5. Seiðagildra gerir það kleift að mæla og leiðrétta mat á framleiðslugetu sem fæst með rafveiðum, en hingað til hefur verið erfitt að gera sér grein fyrir hversu áreiðanlegar rafveiðar séu til stofnstærðaráætlanna. Með því að merkja seiði sem fást í rafveiðum má einnig fá mat á afföllum milli ára.
Þá er þetta ómetanlegt til að mæla árangur af sleppingum smáseiða, ratvísi framandi stofna o.s.frv.

II RANNSÓKNARÁÆTLUN.

Stefnt verði að því að rannsóknirnar nái yfir 5 - 10 ár (langtímaverkefni).

Gildrumannvirki verði sett niður um miðjan maí. Gildran gegni tvíþættu verkefni:

- a) Gönguseiðagildra er veiðir öll gönguseiði. Seiðin verði talin, örmerkt og veiðiuggaklippt.
Sýni verði tekin til aldurs- og kyngreiningar og til annarra rannsókna.
- b) Laxagildra er veiðir allan fullorðinn lax, sem gengur upp ána til hrygningar. Laxinn verði talinn, kyngreindur og greindur í smálax (1 árs úr sjó) og stórlax (2 ára og eldri úr sjó).

1 maður verður yfir gildrunum alla daga yfir göngutímann ca. 3 - 3 1/2 mán. Hann vitji gildrana 3 - 4 sinnum á sólahring, oftast ef þörf krefur. Hann sjái jafnframt um að hreinsa gildrunar og vakta þær.

III. KOSTNAÐARÁÆTLUN VEGNA FYRIRHUGAÐRA LAXARANNSÓKNA Í VESTURDALSA 1984.

Gildrumannvirki	
Smíði og uppsetning	250.000.-
Launakostnaður 1 maður í 105 daga	163.000.-
Dagpeningar " " " " "	120.000.-
Bifreiðakostnaður - kaup á nýjum Skoda	120.000.-
" rekstur og viðhald	30.000.-
Ófyrirséður kostnaður	<u>50.000.-</u>
Samtals	<u><u>733.000.-</u></u>

Tillaga um gönguseiða- og laxagildru
í Vesturdalsá, Vopnafirði.

(A)
Grjótgarður

Tréstokkur, fylltur grjóti
myndað yfirfall

Lax-
gildra

Grjótgarður

↑
Renna, sem tekur
við seðum af
ríst og flytur
þau í seiðakassa

←
Arbreidd ca 15 m.

(B)



